

**Reykjanesbær kt. 470794-2169 og Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ kt. 441295-2009 gera með sér svofelldan**

**SAMNING**

um framlög úr bæjarsjóði til Félags myndlistarmanna í Rnb. á árunum 2004-2006.

1. gr.

Reykjanesbær greiðir x krónur til Félags myndlistarmanna í Rnb. á ári í þrjú ár eða á árunum 2004-2006, að samþykktri fjárhagsáætlun bæjarins hverju sinni. Fjárhæðin er ótengd verðlagsbreytingum og helst því óbreytt út samningstímabilið.

2. gr.

Útborgun á framlögum Reykjanesbæjar sbr. 1. gr. verði tvær jafnar greiðslur á ári hverju, sú fyrri í janúar og sú seinni þegar lágmarki vegna umsaminnna verkefna sbr. 3. gr. hefur verið náð, þó ekki fyrir en í októbermánuði.

3. gr.

- Félagið mun standa fyrir að lágmarki 2 sýningum / listaverkefnum á ári í Reykjanesbæ á samningstímabilinu.
- Félagið tengist menningarlífi bæjarins og samfélaginu í heild með menningartilboðum s.s. námskeiðum og ýmsum uppákomum.
- Félagið mun eins og fyrri ár og með svipuðum hætti taka þátt í viðburðum á vegum Reykjanesbæjar, s.s. Ljósanótt og þrettándanum.
- Félagið býður áhugasömu fólki á öllum aldri að taka þátt í verkefnum þess og leitast við að kynna starfsemi sína og auglýsa viðburði vel.

4. gr.

Félag myndlistarmanna skal árlega afhenda ársreikning félagsins, áritaðan af endurskoðanda, til menningarfulltrúa. Auk þess skal skila til menningarfulltrúa fyrirhugaðri verkefnaáætlun í byrjun hvers árs.

5. gr.

Verði ekki staðið við þennan samning að hálfu félags myndlistarmanna áskilur Reykjanesbær sér rétt til þess að endurskoða stuðning sinn og stöðva greiðslur þar til úr hefur verið bætt. Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

6. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjanesbær, 15. nóv. 2003

f.h. Reykjanesbæjar

f.h. Félags myndlistarmanna í Rnb.

---

Árni Sigfússon, bæjarstjóri

---

Hjördís Árnadóttir formaður

Vottur:

---

Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi